

Sveitarstjórn Flóahrepps

Pingborg

803 Selfossi

Flóahreppi, 28. okt.2021


Umsókn um styrk til reksturs kirkjukórs


Villingaholts- og Hraungerðiskirkja eru með sameiginlegan kór og organista. Organisti er ráðinn á þeim forsendum að greitt er sérstaklega fyrir hverja æfingu og athöfn sem fram fer í kirkjunum, ekki er lengur grundvöllur fyrir ráðningu á ársgrundvelli vegna peningastöðu kirknanna. Kórfólkið er í sjálfbodastarfi við að syngja í kirkjunum á hátíðum og almennum messum. Í kórnum starfa að jafnaði 15-20 manns. Reynt hefur verið að halda úti vikulegum æfingum frá byrjun október til áramóta og svo aftur frá byrjun febrúar fram að hvítasunnu. Kórfélagar leggja mikla áherslu á að haldið sé úti vikulegum æfingum, félagslegi þátturinn er svo mikilvægur.

Kórarstarfið er mjög mikilvægt, fyrir kirkjurnar, trúarlífið, samborgarana hvort sem er á gleði eða sorgarstundum, en ekki síður fyrir fólkið sem syngur í kórnum af miklum áhuga og veitir kórarstarfið kórfélögum svo mikla vellíðan og félagslega samveru. Einnig er kórarstarfið liður í heilsuefliandi samfélagi, þar sem félagsleg líðan er svo mikilvæg og eins tekur það til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, númer þrjú, um Heilsu og vellíðan. Árlegur sameiginlegur kostnaður kirknanna er í kringum 600.000,-.

Óskað er eftir styrk að upphæð 300.000,- kr.

F.h, sóknarnefndanna,


Svanhvít Hermannsdóttir, formaður sóknarnefndar Hraungerðiskirkju


Sólveig Þórðardóttir, formaður sóknarnefndar Villingaholtskirkju